

RANNSÓKNASKÝRSLUR FERÐAMÁLADEILDAR HÁSKÓLANS Á HÓLUM

II



Torfbyggingar Í ferðapjónustu, viðhorf og hugmyndir

Sigríður Sigurðardóttir



MINJASTOFNUN
ÍSLANDS



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS



Rannsóknir um minjaarf II – torfbyggingar

© Ferðamáladeild Háskólans á Hólum 2020 / Sigríður Sigurðardóttir

Útgefandi: Háskólinn á Hólum
Sími (+354) 455 7300
Rafrænn póstur: holaskoli@holar.is
Veffang: www.holar.is

Titill: Torfbyggingar í ferðapjónustu, viðhorf og hugmyndir

Höfundur: Sigríður Sigurðardóttir

Ljósmyndir: Sigríður Sigurðardóttir

Forsíðumyndin er af Hólum í Hjaltadal: Óli Arnar

Öll réttindi eru áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs samþykkis útgefanda.

ISBN 978-9935-9366-7-7



Bygðarannsóknasjóður Bygðastofnunar styrkti rannsóknina.

Formáli

Margt fólk sem ferðast um heiminn vill fræðast um sögu og menningu þeirra þjóða sem það heimsækir og leggur sig eftir að skoða menningarminjar og njóta menningararfstengdrar afþreyingar. Torfbyggingar eru táknrænn íslenskur byggingararfur. Nokkrir stórir torfbærir í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands eru opnir fyrir gesti til skoðunar og nokkrar torfbyggingar af öðru tagi eru sýndar. Hér og hvar á landinu standa enn gömul torfhús sem væri hægt að gera við eða hafa til hliðsjónar við endurgerð, ef áhugi væri fyrir að nýta þau í ferðapjónustu. Bæta mætti aðgengi að þeim og gefa gaum að fleiri gerðum en þeim sem boðið er upp á að skoða í dag. Torfbyggingum fækkar stöðugt og byggingarhandverksþekkingin er á undanhaldi. Til að viðhalda henni þarf verndun og nýting að vera fyrir hendi. Ef ferðapjónustan nýtti torfbyggingar sér í hag kæmi það handverkinu og þar með minjavörslunni til góða.

Skýrsla þessi er innlegg í hugmyndabanka um mögulega nýtingu torfbygginga í ferðapjónustu og um leið hvatning til verndunar þessa merkilega menningararfs sem íslensk torfhús eru.

Ágrip - Abstract

Góð leið til að fá innsýn í byggingararf og hversdagslíf þjóðarinnar fyrr á öldum er að ganga um gömul torfhús. Í skýrslunni eru teknar saman niðurstöður rannsóknar sem hófst árið 2019, m.a. um viðhorf gagnvart nýtingu á torfhúsum til ferðaþjónustu og hvernig mætti bæta hana. Haft var samband við þátttakendur með net- og póstkönnunum. Samtals 274 einstaklingar tjáðu viðhorf sín til torfbygginga og hvernig útfærslur þeir sáu mögulegar í nýtingu þeirra í ferðaþjónustu. Í skýrslunni er einnig unnið með námsskýrslur erlendra þátttakenda í námskeiðum Fornverkaskólans. Niðurstöðurnar sýna að fólk er hlynnt því að viðhalda þjóðlegum byggingum, eins og torfhúsum, og nýta þær sem kostur er í ferðaþjónustu. Bent var á margvíslegar hugmyndir um notkun og kostun til að gera það mögulegt.

Many tourists value Icelandic turf houses and enjoy gaining insight into the everyday life of the nation through the centuries. A study in 2019, examined which attitudes are prevalent relating to this heritage. This report summarizes the results regarding the use of turf houses for tourism, based on 274 responses from Icelanders who were recruited through online and postal surveys as well as student reports from foreign participants in turfbuilding courses held by The Heritage Craft School in Iceland. The results show that people are in favour of maintaining and utilizing vernacular buildings, such as turf houses for tourism and do provide various ideas on utilization, sponsorship and cost sharing to make it possible.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Ágrip - Abstract.....	3
Efnisyfirlit.....	4
Skammstafanir.....	4
Myndaskrá.....	5
1 Inngangur.....	6
2 Staða þekkingar og gildi rannsókna.....	7
2.1 Gagnaöflun.....	8
2.2 Framkvæmda- og samstarfsaðilar.....	8
3 Heimildamenn.....	9
3.1 Skriflegar spurningakannanir.....	9
4 Viðhorf til ferðaþjónustu í torfhúsum – úrvinnsla.....	10
4.1 Hvernig metur þú ferðamálatengt gildi torfhúsa?.....	11
4.2 Hvað finnst þér um það hvernig torfhús eru nýtt í þágu ferðamanna í dag?.....	13
4.3 Hvernig mætti nýta torfhús öðruvísi en gert er?.....	16
4.4 Ætti að varðveita fleiri torfhús?.....	20
4.5 Hver ætti að bera kostnað við varðveislu torfhúsa?.....	22
5 „Glögg er gests augað“.....	24
5.1 Möguleikar og álitamál.....	24
5.2 Athugasemdir og ábendingar frá innlendum þátttakendum.....	27
5.3 Dæmi um torfhús í ferðaþjónustu.....	29
8 Lagaumhverfi gamalla torfbygginga.....	31
9 Niðurstöður og umræður.....	33
Heimildir.....	38
Prentaðar heimildir.....	38
Vefheimildir.....	38
Grunngögn – spurningar.....	41
I Spurningaskrá ÞP-127 (2019-2) Viðhorf til torfhúsa.....	41
II Viðhorf til torfhúsa – spurningar fyrir Minjaráðsfulltrúa.....	42

Skammstafanir

HH – Háskólinn á Hólum
MÍ – Minjastofnun Íslands
ÞMS – Þjóðminjasafn Íslands
ÞÞ – Þjóðháttafni Þjóðminjasafns Íslands

Myndaskrá

1. TORF ÞYKIR ÓVENJULEGT BYGGINGAREFNI OG TORFHLEÐSLA ER MERKILEGT HANDVERK.	6
2. A OG B. ALDURS- OG KYNJASKIPTING ÞÁTTTAKENDA.....	10
3. KYNBUNDIÐ MAT Á FERÐAMÁLATENGDU GILDI TORFHÚSA.	11
4. MAT HEIMILDAMANNA ÞJÓÐHÁTTASAFNS Á FERÐAMÁLATENGDU GILDI TORFHÚSA.	12
5. GRÓFT MAT 274 ÞÁTTTAKENDA Á GILDI TORFHÚSA.	13
6. HVAÐ FINNST ÞÉR UM NÝTINGU TORFHÚSA FYRIR FERÐAMENN?	14
7. HEILDARÁLIT ÞÁTTTAKENDA Á NÝTINGU TORFHÚSA FYRIR FERÐAMENN.....	15
8. NÝTING TORFHÚSA FYRIR FERÐAMENN.	15
9. HVERNIG MÆTTI NÝTA TORFHÚS ÖÐRUVÍSI EN GERT ER?	16
10. MÖGULEG ÖÐRUVÍSI NÝTING TORFHÚSA EN NÚ ER.	18
11. MEGIN NIÐURSTÖÐUR UM ANNARSKONAR NÝTINGU TORFHÚSA EN NÚ ER.	19
12. ÆTTI AÐ VARÐVEITA FLEIRI TORFHÚS?.....	20
13. ÁLIT HEIMILDAMANNA ÞJÓÐHÁTTASAFNS UM AÐ FJÖLGA TORFHÚSUM.	21
14. HEILDARÁLIT ALLRA ÞÁTTTAKENDA UM FJÖLGUN TORFHÚSA.	21
15. HVER ÆTTI AÐ BERA KOSTNAÐ AF VARÐVEISLU TORFHÚSA?.....	22
16. SKOÐUN HEIMILDAMANNA ÞJÓÐHÁTTASAFNS UM KOSTNAÐARÞÁTTTÖKU.....	22
17. KOSTNAÐARSKIPTING VIÐ VARÐVEISLU TORFHÚSA. MEGIN AFSTAÐA.	23
18. SKOÐUN ERLENDRA FORNVERKASKÓLANEMA Á ÍSLENSKUM TORFBYGGINGUM.	26
19. ATHUGASEMDIR ÍSLENSKRA ÞÁTTTAKENDA.	27
20. UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ FERÐAMANNA Í VARMAHLÍÐ Í SKAGAFIRÐI.	29
21. GAMLI TORFBÆRINN Í GLAUMBÆ Í SKAGAFIRÐI HEFUR VERIÐ OPINN FYRIR GESTI FRÁ 1952. BÆRINN ER Í HÚSASAFNI ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS EN BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA HEFUR HAFT HANN TIL AFNOTA FYRIR SÝNINGU SÍÐAN ÞÁ. ÁRLEGA GANGA TUGIR ÞÚSUNDA GESTA UM BÆINN, SEM ÞARF MIKIÐ VIÐHALD.....	30
22. MEGIN NIÐURSTÖÐUR.....	33

1 Inngangur

Skýrsla þessi fjallar um viðhorf fólks gagnvart notkun torfhúsa í ferðapjónustu og möguleikana sem það sér í þeim efnum. Rannsóknin sem skýrsla þessi er sprottin af, og hófst árið 2019 á vegum Ferðamála-deildar Háskólans á Hólum, var unnin til að kanna viðhorf til nytja- og minjagildis torfbygginga. Spurningar voru m.a. lagðar fyrir heimildamenn Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands og fyrir fulltrúa í Minjaráðum hjá Minjastofnun Íslands. Þátttakendur voru sérstaklega spurðir um viðhorf þeirra gagnvart notkun torfhúsa í ferðapjónustu og hvort þeir hefðu hugmyndir um annarskonar notkun á þeim en þá sem algengust er í dag, eða útfærslur á henni. Megin rannsóknarniðurstöður voru birtar í skýrslu sem kom út í byrjun árs 2020 en hér er eingöngu unnið úr svörum sem snerta ferðapjónustuna og þau skoðuð mun nákvæmar en þá var gert.¹

Samstarfsaðilar í rannsókninni voru: Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands, Byggðasafn Skagfirðinga og Rannsóknamiðstöð ferðamála. Í þessari skýrslu er eingöngu unnið með gögn sem söfnuðust í samstarfi við Þjóðminjasafn og Minjastofnun.

Almennt er talað um torfbyggingu eða torfhús þegar einhver hluti þess er úr torfi. Stundum er það aðeins þekjan (þakið) og stundum hluti af veggjunum. Einstaka byggingar, sem enn standa og bera nafn með rentu, eru mikilvægar „sögulegar menningarminjar“, menningararfur sem vitnar um sið- og verkmenningu kynslóðanna sem á undan eru gengnar. Fjöldi hálfvallinna torfbygginga er enn til víða um land sem hugsanlega væri hægt að nýta þær í ferðapjónustu ef áhugi væri fyrir því. Þessi skýrsla bendir á ýmsa möguleika til þess og hvað þarf að hafa í huga.



Mynd 1 Torf þykir óvenjulegt byggingarefni og torfhleðsla er merkilegt handverk.

¹ Sigríður Sigurðardóttir, 2020, bls. 9, 81-84.

2 Staða þekkingar og gildi rannsókna

Þróun þjóðlegra bygginga (e. vernacular buildings) sýnir hvernig mannkyninu tókst að skapa arkitektúr og lifa án þess að tefla jafnvægi vistkerfa jarðar í hættu.² Það er brýnt að segja þá sögu, sýna hana og læra af henni. Önnur saga er hvort fólk hefur áhuga á að nýta þá sögu í þágu ferðaþjónustunnar. Í rannsókn sem hófst árið 2019 var kannað viðhorf fólks til notkunar torfhúsa í ferðaþjónustu.³ Fáar aðrar rannsóknir eru til um skoðanir fólks á því hvernig torfhús, eða annar menningararfur, eru nýtt í þágu ferðaþjónustunnar en nokkrum sinnum hefur mælistika verið lögð á „vinsældir“ menningararfs. Rannsóknarmiðstöð ferðamála (RMF) gerði könnun fyrir Markaðsstofu Norðurlands sumarið 2019 sem fólst í að greina áhuga ferðamanna á „sögutengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi“.⁴ Leyfi fékkst til að bæta inn í þá könnun spurningum um heimsóknir í torfhús, enda voru áform um að leggja hana fyrir ferðamenn sem heimsóttu m.a. safnsýningar í torfbæjum, s.s. í Glaumbæ, Laufási og á Grenjaðarstað. Sú könnun var lögð fyrir á tímabilinu 26. júní til 18. ágúst 2019. Þátttakendur voru alls 823. Þar af voru 625 erlendir gestir og 198 íslenskir ferðalangar.⁵ Þegar spurt var hvað annað en safnsýningar (söfn) fólk hefði áhuga á að skoða nefndu 38,9% erlendu ferðamanna torfhús og í ljós kom að 23,2% svarenda voru staddir á Norðurlandi til að sjá þannig hús.⁶ Íslenskir ferðalangar röðuðu torfhúsum í 3.-4. sæti, með 26,8% atkvæða, í vali um afþreyingu á eftir 1) sundi og 2) öðrum söfnum. Torfhús settu þeir í sama sæti og fjallgöngur. Erlendir ferðamenn röðuðu torfhúsum í 6. sæti í vali um afþreyingu, á eftir 1) náttúrulegum jarðböðum, 2) hvala-, fugla- eða selaskoðun (saman í flokki), 3) sundi, 4) fjallgöngu og 5) öðrum söfnum.⁷

Hagnýtt gildi rannsókna um viðhorf til nýtingar torfhúsa í ferðaþjónustu felst í þekkingu sem getur nýst minja- og ferðamálayfirvöldum til áforma um framtíðarnýtingu þeirra.

Vísindalegt gildi rannsókna um viðhorf gagnvart ferðamálagildi torfhúsa felst m.a. í því að skapa:

- vettvang til að fjölga „virkum“ torfbyggingum og styrkja þar með stöðu þessa menningararfs,
- möguleika til að viðhalda hverfandi handverksþekkingu og
- vekja umræður um menningararfsrannsóknir.

² Piesik, Sandra, 2017, bls. 16.

³ Sigríður Sigurðardóttir, 2020, bls. 17, 87-88.

⁴ Vera Vilhjálmsdóttir, 2019, bls. 1.

⁵ Vera Vilhjálmsdóttir, 2019, bls. 4.

⁶ Vera Vilhjálmsdóttir, 2019, bls. 12, 16.

⁷ Vera Vilhjálmsdóttir, 2019, bls. 18.

2.1 Gagnaöflun

Jafnhliða rannsókninni fór fram víðtæk gagnaöflun sem mun nýtast til ýmiskonar úrvinnslu. Skýrsla þessi byggist á þrenns konar upplýsingum. Í fyrsta og öðru lagi var unnið úr svörum 253 heimildamanna Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands og 21 fulltrúa í Minjaráðum hjá Minjastofnun Íslands. Spurningar og svör markast af eigindlegri aðferðafræði (e. qualitative research methods) og eru greind í þemaþætti eða flokka svo hægt sé að túlka þau tölfræðilega. Gagnaöflun fór fram á tímabilinu júlí 2019 til mars 2020. Samband var haft við fólk með net- og póstkönnunum og bárust svörin bæði rafrænt og handskrifuð. Allir aðal- og varafulltrúar í Minjaráðum fengu spurningalista og gátu valið að svara honum eða sleppa því. Heimildamenn Þjóðháttasafns gátu sömuleiðis valið hvort þeir svöruðu spurningalistanum. Hann var opinn fyrir alla á netsíðunni sarpur.is.⁸ Þessi aðferð dró fleiri til þátttöku en þá sem fyrir voru skráðir sem heimildamenn hjá safninu.

Í þriðja lagi voru nýttar námsskýrslur erlendra, um 150, aðallega skoskra, handverksnema Fornverkaskólans í Skagafirði á árunum 2009-2019 í þeim tilgangi að fá erlent sjónarhorn á notkunarmöguleika torfbygginga. Í skýrslum þeirra hefur ýmislegt komið fram sem gæti gagnast hugmyndaríku fólki.

2.2 Framkvæmda- og samstarfsaðilar

Sigríður Sigurðardóttir, aðjúnkt við *Ferðamáladeild Háskólans á Hólum* HH stýrði rannsókninni um viðhorf til torfbygginga í ferðabjónustu. HH er í margvíslegum öðrum rannsóknum og þróunarverkefnum með ýmsum háskólum og öðrum rannsóknastofnunum bæði innanlands og utan og með þessari rannsókn hefur skapast mikilvægt samstarfsnet milli stofnana og aðila í minjavörslunni.

Samstarfsaðilarnir í þessum þætti rannsóknarinnar voru:

Minjastofnun Íslands (MÍ), sem er stjórnáráðstofnun minjavörslunnar og hefur yfirumsjón með verndun fornleifa- og byggingararfs á Íslandi. Fulltrúar Minjastofnunar voru Guðmundur Stefán Sigurðarson, minjavörður Norðurlands vestra og Þór Hjaltalín, sviðsstjóri og minjavörður Reykjaness.

Þjóðminjasafn Íslands (ÞMIS). Þjóðháttasafn (ÞH), sem safnar heimildum um íslenska lífshætti með því að semja spurningaskrár og senda út til fólks. Fulltrúi Þjóðháttasafns var Ágúst Ó. Georgsson, sérfræðingur. Húsasafn ÞMIS veitir innsýn í húsakost þjóðarinnar á seinni öldum og þróun húsa á Íslandi. Húsasafnið er kjarni safnkosts Þjóðminjasafns Íslands á landsbyggðinni og varðveitir fjölda torfhúsa. Fulltrúi Húsasafnsins var Guðmundur Lúther Hafsteinsson, sviðsstjóri Húsasafns.

⁸ [Sarpur.is á https://sarpur.is/Svarsnid/Grunnupplýsingar.aspx?SpurningaskralID=1944954](https://sarpur.is/Svarsnid/Grunnupplýsingar.aspx?SpurningaskralID=1944954). Sarpur er sameiginlegur rafrænn gagnabanki 50 safna og stofnana.

3 Heimildamenn

Þátttakendur í rannsókninni voru alls 274, 253 heimildamenn Þjóðháttasafns Þjóðminjasafn Íslands og 21 fulltrúar í Minjaráðum hjá Minjastofnun Íslands. Að auki var tekið mið af álit 150 handverksnema Fornverkaskólans í Skagafirði á árunum 2009-2019, sem fram kemur í skýrslum þeirra.

Aðferðir til að nálgast svör og álit heimildamanna (þátttakenda):

- Rafrænn spurningalisti var settur inn á opna gátt í Sarpi (sarpur.is) þar sem heimildamenn Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands og aðrir þeir sem höfðu áhuga á að taka þátt höfðu aðgang að honum, þ.e. þeir sem vildu og gátu svarað rafrænt.
- Rafrænn spurningalisti var sendur til aðal- og varafulltrúa í Minjaráðum vestan-, norðan-, austan- og sunnanlands. Minjastofnun skiptir landinu í átta minjasvæði. Minjaverðir, sem eru starfsmenn Minjastofnunar á hverju svæði, stýra þessum landshlutabundnum Minjaráðum.
- Erlendir nemendur Fornverkaskólans, sem hafa tekið þátt í torfhleðslunámskeiðum á Tyrfingsstöðum í Skagafirði, hafa skilað skýrslum um námið og hvað fyrir augu þeirra í Íslandsferðinni. Í þessum skýrslum birtast viðhorf þeirra til verndunar, notkunar og gagnsemi íslenskra torfhúsa, sem forvitnilegt er að gefa gaum. Allar ábendingar og athugasemdir sem þar koma fyrir voru teknar saman, flokkaðar og unnið úr þeim, svo sem fram kemur í kafla 5.

3.1 Skriflegar spurningakannanir

Spurningalistar þeir sem sendir voru heimildamönnum Þjóðháttasafns og Minjaráðsfulltrúum eru birtir aftast í skýrslunni undir **Grunngögn – spurningalistar**. Útskýringar um tilgang spurningaskrána fylgdu, þess efnis að hún væri hluti af rannsókn um viðhorf almennings til torfbygginga og að niðurstöður hennar yrðu nýttar til að leiða í ljós hve meðvitað fólk er um þennan minjaarf og hvaða sess torfhús skipa í hversdagslífi, minjavernd, fræðslu og ferðaþjónustu.


Sigríður Sigurðardóttir, skýrsluhöfundur og Ágúst Ó. Georgsson, sérfræðingur á Þjóðháttasafni, sömdu spurningalistann. Með því að hafa hann opinn fyrir alla, á öllum aldri, á **Sarpi** (www.sarpur.is) náðist samband við yngra fólk en það sem venjulega svarar spurningaskráum Þjóðháttasafns. Fulltrúar Minjaráðanna fengu spurningalistann sendan, í pósti eða á netinu (eftir því sem óskað var eftir).

Spurningalistanum var skipt í kafla eftir áherslum: Kafli 1 – eigin reynsla af torfbyggingum, kafli 2 – mat á gildi torfhúsa, kafli 3 – gildi og möguleikar á varðveislu og nýtingu, kafli 4 – um viðhorf til aldursmunar á húsum og eftirgerða, kafli 5 – um síðasta skeið torfbygginga. Þá var fólk beðið um upplýsingar um torfhús, önnur en þau sem þegar eru varðveitt í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Hér er unnið með svör í köflum 2 og 3 um gildi torfhúsa og möguleika til að nýta þau í ferðaþjónustu.

4 Viðhorf til ferðapjónustu í torfhúsum – úrvinnsla.

Langflestir svarendur, 41,6%, voru fæddir á tímabilinu 1951-1980. Mun færri, eða 15,6%, svarenda voru fæddir eftir 1981. Alls svöruðu 152 konur og 122 karlar. Spurningarnar eru númeraðar frá 4.1 – 4.5 en í upprunalegu spurningalistunum (sjá **Grunngögn - spurningalistar**) eru sömu spurningar merktar sp. 2,6 í kafla 2 í spurningalista til heimildamanna Þjóðháttasafns og sp. 3,1 – 3,4 í kafla 3.

Í spurningalistanum sem Minjaráðsfulltrúarnir fengu eru þessar sömu spurningar nr. 11 - 15. Flestar spurningarnar voru opnar eða hálfopnar og gáfu kost á mörgum svarmöguleikum þannig að í sumum tilfellum komu mörg svör við sömu spurningunni. Í úrvinnslunni var farin sú leið að þemaflokka svörin þannig að hægt væri að bera þau saman á tölfraðilegan hátt og fá þannig samanburð.




Mynd 2. A og B. Aldurs- og kynjaskipting þátttakenda.

Efninu er raðað þannig: Kafli 4.1 fjallar um hvernig fólk metur ferðamátatengt gildi torfhúsa. Kafli 4.2 er um það hvað fólk finnst um nýtingu torfhúsa í þágu ferðamanna í dag. Kafli 4.3 er um það hvernig mætti nýta torfhús öðruvísi en gert er. Kafli 4.4 er um hvort ætti að varðveita fleiri torfhús og kafli 4.5 fjallar um það hver ætti að bera kostnað við varðveislu torfhúsa.

Þrjár myndir skýra útkomu svara út frá:

- heildarfjöldi þátttakenda og kyni,
- prósentuhlutfalli 253 svara frá heimildamönnum Þjóðháttasafns, óháð aldri og kyni,
- prósentuhlutfalli allra svara um megin niðurstöður, óháð aldri og kyni.


4.1 Hvernig metur þú ferðamálatengt gildi torfhúsa?



Mynd 3. Kynbundið mat á ferðamálatengdu gildi torfhúsa.

Á myndinni er unnið út frá öllum svörum, bæði frá heimildamönnum Þjóðháttasafns og svörum minjaráðsfulltrúa. Ríflega fjórðungur svarenda, 79 manns, treystu sér ekki til að svara spurningunni eða sögðust ekki hafa skoðun á þessu. Samtals 75 manns, mikill meirihluti konur, sögðu torfhús vera menningararf með mikið aðdráttarafli sem gæti veitt sterka upplifun. Aðeins færri, eða 67 svarendur, sögðu að í sínum huga stæðu torfhús fyrir handverksþekkingu, byggingararf og byggingarlist og að í þeim felist húsasaga þjóðarinnar. Miðað við svör þau sem fram komu í söguferðakönnun RMF á síðasta ári, þar sem fram kom að Íslendingar líti á torfhús sem sögulegar minjar, er merkilegt hve fáir svarendur í þessari rannsókn tóku það fram.⁹ Hins vegar má álíta að það sé einmitt það sem 137 svarendur áttu við þegar þeir sögðu að torfhús stæðu í sínum huga fyrst og fremst fyrir húsasögu, upplifun og menningararf þjóðarinnar.

⁹ Vera Vilhjálmsdóttir, 2019, bls. 12, 16.




Mynd 4. Mat heimildamanna Þjóðháttasafns á ferðamátatengdu gildi torfhúsa.

Svo sem hér kemur fram telja 51% heimildamanna Þjóðminjasafns torfbyggingar menningararfur, byggingararfur sem tilheyri húsasögu þjóðarinnar og hafi auk þess mikilvægt aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Ellefu heimildamenn Þjóðháttasafns, 5%, tóku fram að torfhúsin hefðu helst gildi í safnastarfi og sex þeirra tóku fram að sem slík hefðu þau mikil margfeldisáhrif. Þá sömu skoðun höfðu fimm Minjaráðsfulltrúar. Sú túlkun þarf ekki að koma á óvart þar sem nokkrir stórir torfbærir hafa lengi verið tákngervingar byggðasafna og draga til sín fjölda gesta, s.s. Grenjaðarstaður þar sem Byggðasafn Suður-Þingeyinga er með sýningu og Glaumbær þar sem Byggðasafn Skagfirðinga er með sýningu. Báðir bæirnir eru í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Því miður voru 31% svarenda með ómótaðar skoðanir eða engar og leiddu þess vegna spurninguna hjá sér. Hlutfallslega sögðu flestir, eða 92%, í yngsta aldurshópnum að torfhúsin væru mikilvægur menningararfur sem hefði mikið aðdráttarafli. Sá aldurshópur svaraði með sama hætti því til að torfhúsin væru byggingararfur sem spegluðu húsasögu þjóðarinnar, þau stæðu fyrir byggingarlist og væru dýrmæt vegna handverksins. Um það voru 49% í elsta aldurshópnum sammála þeim.

Á mynd 4, sem er miðuð við svör 253 heimildamanna Þjóðháttasafns, koma ekki fram fjórir flokkar sem eru á mynd 3. Ástæða þess er sú að það voru Minjaráðsfulltrúar sem gátu þeirra en ekki heimildamenn Þjóðháttasafns. Þetta voru flokkarnir: 1) Nýta ætti fleiri torfhús til að dreifa álagi og fjölga um leið möguleikum til að varðveita þau, 2) áhugi fyrir sögutengdri ferðabjónustu fer vaxandi, 3) torfhúsin vitna um sjálfbærni og 4) þau geta veitt tækifæri í upplifunarferðabjónustu. Heimildamenn Þjóðháttasafns minntust ekki á þessi atriði.

Mynd 5 sýnir þrjá megin flokka svara. Samtals 27% af heildarfjöldanum (274 svarendum) höfðu ekki skoðun á ferðamátatengingu torfhúsa. Meirihlutinn, 44%, töldu að torfhúsin hefðu mikið gildi fyrir

ferðþjónustuna en 29% sögðu að þau þyrftu ekki að koma henni neitt við og hefðu fyrst og fremst þjóðernis- og menningarlegt gildi fyrir Íslendinga sjálfa.



Mynd 5. Gróft mat 274 þátttakenda á gildi torfhúsa.


4.2 Hvað finnst þér um það hvernig torfhús eru nýtt í þágu ferðamanna í dag?

Sem sjá má á mynd 6 kusu 110 manns eða um 40% að svara ekki spurningunni en svörum, sem komu við henni, var skipt í tíu mismunandi þætti. Tæp 29% sögðust vera sátt við stöðuna eins og hún er. Ýmislegt kom samt fram sem fólk taldi að mætti laga og hvernig hægt væri að gera það.

Nokkrir svarendur lögðu fram álit sem lutu að úrbótum á meðan aðrir tóku sérstaklega fram hvað þeim þætti ábótavant. Tíu Minjaráðsfulltrúar (41,6% úr þeirra hópi) sögðu það jákvætt að torfhús væru notuð í ferðþjónustu og átta (33,3% Minjaráðsfulltrúa) að hægt væri að nýta torfhúsin betur í ferðþjónustu. Helsta mótstaða gegn því væri kostnaðurinn við viðhald þeirra. Sex þeirra (25% Minjaráðsfulltrúa) sögust vilja sjá allar gerðir torfhúsa nýttar en umfram allt væri mikilvægt að leggja áherslu á sanngildi þeirra. Þessi atriði komu ekki fram hjá svarendum Þjóðháttasafns en nokkrir þeirra tóku fram að ferðþjónusta í torfhúsum mætti ekki vera það hagnaðardrifin að hún væri á kostnað húsverndarinnar, ef um gamalt hús væri að ræða.

Um 8% svarenda sögðu að leggja ætti meiri áherslu á að skapa upplifun í formi lifandi sýninga, útskýra torfhúsin vel og túlka það sem sýnt væri betur en gert er. Þrettán manns (4,7%) vildu að torfhúsin væru markaðssett með skýrari hætti, það ætti að vanda kynningu á þeim og bæta aðgengið. Á myndinni (mynd 6) sést munur á viðhorfi kynja til nýtingar torfhúsa í ferðþjónustu, þar sem tæp 20%


kvenna og rúm 9% karla voru hlynnt henni. Þrír heimildamenn Þjóðháttasafns, allt karlmenn, tóku fram að þeim þætti stórbýlin, sem ferðamönnum eru sýnd, skekkja sögumyndina of mikið.



Mynd 6. Hvað finnst þér um nýtingu torfhúsa fyrir ferðamenn?


Á mynd 7 er unnið með svör 253 heimildamanna Þjóðháttasafns. Þau 6% sem eru á mynd 8 eru sömu 15 einstaklingarnir og eru á mynd 6 sem bentu á að ferðaþjónusta í torfhúsum megi ekki vera á kostnað varðveislu húsanna. Hlutfallslega voru flestir úr yngsta hópnum, fædd eftir 1981, eða 45,8%, sem töldu góða nýtingu vera á torfhúsum í þágu ferðaþjónustunnar og 36% í þeim aldurshópi sögðu að torfhús mætti nýta betur og fleiri fyrir ferðamenn. Hlutfallslega var fólk í yngsta og elsta hópnum viljugast til að tjá skoðanir sínar um þetta.

Af heimildamönnum þjóðháttasafns sögðust 44% ekki hafa skoðun á nýtingu torfhúsa í þágu ferðamanna, eða að þeir létu vera að svara spurningunni. Næstflestir, eða 28% voru á þeirri skoðun að nýting torfhúsa á þágu ferðamanna væri góð. Samtals 17% sögðu að leggja ætti meiri áherslu á að túlka og útskýra torfhúsins og hvernig þau voru notuð og fá af þeim aðgangseyri en það yrði að vanda kynninguna á þeim og markaðssetja þau með skýrari hætti en gert er.



Mynd 8. Nýting torfhúsa fyrir ferðamenn.


Myndin sýnir þrjá megin flokka svaranna. Af heildarfjöldanum tjáðu 38% ekki skoðun sína á því hvernig torfhús eru nýtt í þágu ferðamanna. Samtals 54% segja nýtingu torfhúsa í þágu ferðapjónustu af hinu góða, hana megi auka og bæta en 8% vilja ekki að torfhúsavernd verði á neinn hátt háð ferðapjónustu. Þau sem þannig svöruðu hafa sennilega verið með upprunaleg, gömul, torfhús í huga, fremur en endurgerð. Af þeim tóku sex svarendur fram (mynd 7) að fyrst og fremst eigi að huga að sanngildi¹⁰ húsanna þegar skoðað er hvernig hægt er að nota þau í þágu ferðapjónustunnar.



Mynd 7. Heildarálit þátttakenda á nýtingu torfhúsa fyrir ferðamenn.

¹⁰ Sanngildi (e. authenticity).

4.3 Hvernig mætti nýta torfhús öðruvísi en gert er?



Mynd 9. Hvernig mætti nýta torfhús öðruvísi en gert er?


Langflestir, 109 manns, eða tæp 40%, sögðust ekki hafa skoðun eða vit á því hvernig mætti nýta torfhús í ferðarþjónustu öðruvísi en gert er. Meiri hluti svarenda lagði fram fjölda hugmynda, bæði hógværar og djarfar. Hugsanlega geta einhverjir nýtt sér þær, sé vilji fyrir því. Margir vildu að byggingarform torfhúsa/ torfbæja væri nýtt og notað á fjölbreytilegan hátt. Þetta hefur verið gert hér og hvar,

eins og komið er inn á í kafla 5.3. Aðrir bentu á að hvert sveitarfélag eða landsfjórðungur ætti að eiga sitt eigið torfhús og nýta það í kennslu heimafyrir og sem sýningahús til fræðslu (handverk, siðir, nota sýndarveruleika- eða margmiðlunartækni) fyrir gesti. Þrjátíu manns (7 karlar og 23 konur) spurðu á móti hvort þetta snérist ekki allt um peninga. Af þeim voru 25 heimildamenn Þjóðháttasafns, sjá mynd 11. Það viðhorf speglar bæði bjartsýni og neikvæðni af því að í því felst að sé til nægt fjármagn og vilji til að nýta torfhúsin með öðrum hætti en gert er að þá sé það gert, sé hvorki til fjármagn né vilji til þess verði það ekki gert.

Sautján vildu sjá fleiri „vinnudaga“ og „lifandi“ sýningahald hjá þeim söfnum sem nota torfbæi og sýna handverk. Upplagt væri að gefa matarsmakk, segja sögur og kveða rímnur. Mörg safnanna gera það þegar og bjóða ár hvert upp á ýmiskonar viðburði. Sjö sögðu það vera menningarlegt og fjárhagslegt hagsmunamál að byggja „ferðamannatorfhús“ til að verja þau raunverulegu. Aðrir sjö vildu nýta torfhús sem geymslur, reykkofa, fuglaskoðunarhús eða búpeningshús. Sex vildu að lögð yrði áhersla á hve torfhús eru umhverfisvæn og merkilegur menningararfur. Ef bæta mætti hollustuhætti í þeim, burðarbol og brunavarnir þannig að hægt væri að leyfa fólki að upplifa dvöl í þessum húsum, ætti hiklaust að fjölga þeim, sögðu aðrir sex.

Fimm manns bentu á möguleika þess að nota torfveggi til að skipta upp rými t.d. fyrir útimarkaði, sölu-bása, vinnustofur, leiksýningar eða bæjarhátíðir. Svo væri hægt að tjalda yfir ef þörf væri á vegna veðurs eða annarra ástæðna. Níu manns töldu kostnað og eigendavandamál helstu hindrunina við að útfæra nýjar hugmyndir í torfhúsum, eða til að breyta notkun þeirra. Jafnmargir nefndu aðrar fyrir-stöður og kölluðu þær reglugerðafargan og erfitt aðgengi, sem væru samt lykilatriði gagnvart nýtingu torfhúsa. Fjórir vildu að staðið væri betur en gert er að viðhaldi þeirra húsa sem þegar eru varðveitt. Tveir sögðu að byggja ætti nýja torfbæi frá grunni. Annar þeirra sagðist sjá fyrir sér að taka mætti snið af torfbæ þannig að sæist inn í allar vistarverur. Hinn vildi að áfast bænum væri byggt nýtt hús, boðlegt hverjum sem væri að dvelja í. Einn sagði upplagt að byggja „stóra“ torfkirkju á Árbæjarsafni fyrir opin-berar athafnir. Þá var bent á að reisa mætti tilgátuhús sem byggðust á fornleifauppgröftum, að tóftar-brot væru góðir áningastaðir (fyrir sögustundir) og að hvetja ætti fólk, sem komið er á eftirlaun og í fullu fjöri, til að taka hús í fóstur og gera þau upp. Þrír nefndu að nota torf til einangrunar (mynd 10).

Varasöm must er sennilega hugmyndin um að byggja hús upp frá gömlum tóftum, sem einn heimilda-maður Þjóðháttasafns lagði til. Þá þarf fyrst að athuga hvort þær (tóftirnar) falli undir fornminjalög, sem kynnt eru hér í skýrslunni, í kafla 6. Tveir nefndu að Íslendingar væru sjálfir helsta fyrirstaða þess að torfhús væru notuð, hvort sem það er til ferðapjónustu eða annars. Einn sagði að vel mætti nýta torf í ytri vegg á nýjum húsum, við innganga og í móttökurými fyrir ferðamenn, sem er þekkt (sjá mynd 20).




Mynd 10. Möguleg öðruvísi nýting torfhúsa en nú er.

Mynd 10 sýnir hugmyndir heimildamanna Þjóðháttasafns um hvernig hægt væri að nota torfhúsin öðru vísi en gert er. Um sömu hugmyndir er að ræða eins og á mynd 9 en í mynd 10 eru gefnar upp prósentutölur. Samtals 38% töldu að hægt væri að nýta byggingarformið á marga vegu en nær 40% svöruðu ekki spurningunni, eins og sjá má á myndinni.

Nokkrir þeirra 36 sem sögðu að torfhús ætti að nýta sem vettvang kennslu og rannsókna og að útbúa ætti kennslufni um þau sögðu að allir Íslendingar ætti skilyrðislaust að fá góða fræðslu um torfbyggingar. Fjórir nefndu að nýta ætti torfbyggingar sem námsefni fyrir fornleifafræðinema. Tveir tóku fram að mögulega væri hægt að nota torfhús í endurlitsmeðferðum fyrir elliglapasjúkinga, þá sem kannast við sig í þannig húsum. Fimm sögu að standa ætti betur að viðhaldi þeirra húsa sem þegar eru

varðveitt. Aðrir fimm bentu á, svo sem fram er komið, að nota mætti torfveggi til að skipta upp rýmum, byggja „bása“, s.s. fyrir útmarkaði, sölubása, vinnustofur eða leiksýningar.




Mynd 11. Megin niðurstöður um annarskonar nýtingu torfhúsa en nú er.

Myndin sýnir afstöðu allra svarenda um það hvort hægt væri að nýta torfhús með öðrum hætti en gert er í dag. Hér er svörunum skipt í fernt: 36% af heildarfjöldanum höfðu ekki skoðun á þessu eða svöruðu ekki spurningunni, 36% sem sögðu að torfhús mætti nýta með ýmsum hætti í ferðapjónustu, bæði þeir sem sögðust ánægðir með nýtinguna eins og hún er og þeir sem lögðu fleira til. Þá sögðu 14% of mikinn kostnað fólgin í notkun torfhúsa til að hún skilaði nokkrum tekjum fyrir ferðapjónustuna og miðuðu þá við að ef notkunin borgaði sig ekki væri hún einskis virði. Jafn margir vildu að torfhús væru fremur notuð til almennra nota heldur en í ferðapjónustutengdum tilgangi.

4.4 Ætti að varðveita fleiri torfhús?

Langflestir þátttakendur vildu að varðveittar væru allar gerðir torfhúsa. Þá er átt við fleiri gerðir þeirra en varðveittar eru í dag. Hér bar svo við að fleiri höfðu skoðun á þessu en þeir sem söguðst ekki hafa skoðun. Konur voru mun ákveðnari í þessu en karlar (mynd 12). Svör þeirra átján sem sögðu að varðveisla fleiri torfhúsa væri spurning um magn og gæði má túlka sem svo að þeim er ekki sama hvaða hús eru valin til varðveislu. Jafnmargir bentu á að betra væri að bæta viðhald á þeim sem þegar eru varðveitt heldur en að fjölga þeim. Sjö prósent svarenda Þjóðháttaafns (mynd 13) sögðu það einstæða upplifun, jafnt fyrir gesti landsins eins og Íslendinga sjálfa, að skoða og ganga um torfbyggingar. Hvorki þeir né Minjaráðsfulltrúarnir, sem voru sammála þeim, nefndu menningargildi eða arðsemismöguleika sem rök fyrir fjölgun þeirra.




Mynd 12. Ætti að varðveita fleiri torfhús?

Aldurshóparnir voru nokkurn vegin jafn sammála um að varðveita ætti allar gerir torfhúsa og ekki aðeins til þess að eiga allar gerðirnar heldur einnig til að varðveita þekkinguna við að byggja þau og viðhalda þeim.


Á mynd 13 er aðeins stuðst við svör heimildamanna Þjóðháttaafns. Þar kemur fram að í þeirra hópi voru 40% sem höfðu ekki skoðun á því hvort ætti að varðveita fleiri torfhús en gert er en aðeins fleiri, 41%, vildu láta varðveita allar gerðir torfhúsa. Fram kemur að 6% heimildamanna Þjóðháttaafnsins vildi alls ekki að torfhúsum væri fjölgað og nokkrir þeirra nefndu að betur ætti að halda við þeim sem þegar eru varðveitt. Þá bentu 7% á að það ætti að fjölga torfbyggingum í því skyni að viðhalda handverksþekkingunni á bak við þau. Aðeins færri, 6% svarenda, voru óviss um hvað réði ákvörðunum um

varðveislu og nýtingu og spurðu á móti hvort það að fjölga torfhúsum væri ekki fyrst og fremst spurning um magn og gæði. Í þeim hópi voru níu konur og jafnmargir karlar, sjá mynd 12.




Mynd 13. Álit heimildamanna Þjóðháttasafns um að fjölga torfhúsum.

Á mynd 14, hér fyrir neðan, eru megin niðurstöður um þetta efni dregnar saman og þar kemur fram að 43% allra svarenda vilja að allar tegundir (gerðir) torfbygginga verði varðveittar á móti 20% sem vilja ekki að þeim verði fjölgað. Þeim sem svöruðu ekki eða gáfu ekki upp skoðun sína gæti verið alveg sama um þetta efni, eða þá að þau vildu ekkert leggja til málanna.




Mynd 14. Heildarálit allra þátttakenda um fjölgun torfhúsa.

4.5 Hver ætti að bera kostnað við varðveislu torfhúsa?



Mynd 15. Hver ætti að bera kostnað af varðveislu torfhúsa?


Flestir, samtals 91, töldu að kostnaðarþátttaka við varðveislu torfhúsa ætti að vera blönduð og að skoða ætti hvert tilvik fyrir sig. Ellefu manns vildu að eflt yrði styrkjakerfi til viðgerða gamalla bygginga og jafnmargir að þeir sem ætli sér að nota þau kosti viðhald þeirra. Aðrir voru með ýmsar ábendingar á takteinum eins og sjá má á mynd 15.



Mynd 16. Skoðun heimildamanna Þjóðháttasafns um kostnaðarþátttöku.

Mjög margir eða 43% af heimildamönnum Þjóðháttasafns (mynd 16), rúm 41% af heildarfjöldanum (mynd 17) svöruðu ekki spurningunni. Af þeim sem það gerðu voru langflestir heimildamenn Þjóðháttasafns á því, eða 33%, að fjármögnun yrði að meta í hverju tilviki. Nokkrir, 13%, vildu að ríkið kostaði varðveislu torfhúsa og nokkrir nefndu jafnframt að það ætti að bjóða skattaflátt þeim sem vildu viðhalda torfhúsum á eigin vegum og einnig þeim sem tækju að sér að gera við þau. Hlutfallslega flestir, sem sögðu að kostnað við viðhald og varðveislu gamalla húsa verði að meta eftir hverju tilviki og að best fari á að hann verði blandaður með einhverju móti, voru fæddir fyrir 1950.

Þegar heildarniðurstaðan er skoðuð kemur í ljós að 5% vilja að eigendur húsanna eða einstaklingar geri sjálfir við torfhús stöndi það til á móti 53% sem vilja að fjármögnun viðgerða torfhúsa og varðveisla sé blönduð og/eða kostuð af ríki og sveitarfélögum.



Mynd 17. Kostnaðarskipting við varðveislu torfhúsa. Megin afstaða.

5 „Glögg er gests augað“

Gestir landsins hafa skoðun á því sem fyrir augu ber og sjá hlutina oft frá öðru sjónarhorni og annarri reynslu en heimamenn. Þeir koma þess vegna oft auga á ýmislegt sem betur má fara. Stundum felast góðar lausnir í ábendingum þeirra. Í næstu þáttum eru skoðaðar ýmsar ábendingar, álitamál og möguleikar, sem hafa komið frá erlendum handverksnemum.¹¹ Þá er einnig unnið með sérstakar ábendingar frá íslenskum þátttakendum í rannsókninni. Kaflanum er skipt í þrennt:

- 1) Álit og ábendingar erlendra nemenda sem hafa tekið þátt í torfhleðslunámskeiðum á vegum Fornverkaskólans í Skagafirði. 2) Athugasemdir og hugmyndir frá innlendum þátttakendum. 3) Dæmi um torfhús sem eru opin fyrir gesti, hafa verið byggð eða endurgerð m.a. til að þjóna ferðamönnum og sem draga dóm af gömlum torfbyggingum.

5.1 Möguleikar og álitamál

Á árunum 2009-2019 tóku um 150 erlendir nemendur þátt í torfhleðslunámskeiðum á Tyrfingsstöðum í Skagafirði, á vegum Fornverkaskólans. Flestir þeirra hafa komið frá Skotlandi og tengst minjavernd með einhverjum hætti. Þeir hafa fengið stuðning til þátttöku á námskeiðunum í gegnum evrópsku samstarfsverkefni CHIST og NATEX.¹² Auk þess að sækja námskeið í torfhleðslu kynntu nemendurnir sér torfbyggingar á Norðurlandi vestra og hlýddu á fræðsluerindi um þær. Í lok námskeiðanna skiluðu þeir inn skýrslum um ferðalagið og námið til styrkveitenda sinna.

Í skýrslunum koma fram sjónarmið sem vert er að gefa gaum. Margsinnis benda nemendurnir á að vegna þess hve mörg torfhús og torfhúsaleifar eru enn vel sýnileg á Íslandi hafi landið sterka stöðu til að varðveita þennan menningararf, sem ætti að líta á sem heimsmínjar. Eitt af því sem staldra má við í niðurstöðum þeirra er sú jákvæða staðreynd að í standandi torfbyggingum felst áskorun, möguleiki og um leið von um varðveislu þeirra.¹³ Torfhús voru algeng í Skotlandi og víðar um Evrópu, með norðurstönd Asíu og Norður-Ameríku.¹⁴ Þekkingin til að halda þeim við er hverfandi á þeirra heimaslóðum, enda hafa þessir gestir verið fljótir að koma auga á hve sérhæfðrar þekkingar torfbyggingar krefjast.¹⁵ Sömuleiðis benda þau á að torfhús eru vistvænar og sjálfbærar byggingar sem eru byggðar á sjálfbærri hringrás, eins og margar aðrar gamlar þjóðlegar byggingar (e. vernacular buildings). Margir þessara

¹¹ Skýrslur þær sem lagðar voru til grundvallar úrvinnslunni voru frá: Alexander, Derek, Susan Bain, Neil Buchan, Alan Comrie, Andrew Gallacher and David Sneddon (2014). Fotheringham, Mitchell (2016). Goddard, Oliver (2016). Weber, Linad (2016). Little, Becky (2016). Manning, Sue (2017). Higginson, Paul (2018). Carruthers, Sara (2018). Maxwell, Alexander (2019). McAvoy, Andrew (2019).

¹² CHIST – Cultural Heritage Interpretation and Sustainable Tourism er styrkt af Leonardo da Vinci Vetpro Program. NATEX – Managing our Natural and Cultural Heritage Assets er styrkt af Menntaáætlun Evrópusambandsins (Erasmus+) og voru bæði unnið í samstarfi við fyrirtækið ARCH (Arch Network í Skotlandi).

¹³ McAvoy, Andrew, 2019, án bls. tals. *Turf Ting A Visual Diary & Written Report*. 17. júlí 2019, án. bls. tals.

¹⁴ Jakhelln, Gisle, 2017, bls. 377. Yu Mainicheva, Anna, 2017, bls. 387-391. Jonatis, Aldona, 2017, bls. 368-9.

¹⁵ Maxwell, Alexander, 2019, án. bls. tals. Little, Becky, 2016, án bls. tals.

nemenda voru kunnugir baráttu annarra þjóða við að varðveita torfhúsaarf sinn og greindu notkunarmöguleika torfbygginga út frá þeirri reyslu en bentu jafnframt á ýmsa kosti og galla stöðunnar sem torfhúsin eru í.

Séu ábendingar og athugasemdir erlendu nemandanna greindar í styrkleika og veikleika (SVÓT), eins og þær koma fram í skýrslunum, má setja þær þannig fram:

Styrkleikar

Torfhús svara kalli ferðamanna um upplifunarferðapjónustu.

Torfhús skapa möguleika til vettvangskennslu fyrir öll skólastig, fyrir hópefli, o.fl.

Nýta mætti hitaveituvædd torfhús fyrir t.d.: stofutónleika, kyrrðarstundir, endurlit (s.s. f. sjúklinga með minnisglöp, o.fl.).

Torfbygging gæti verið frábært hljóðver.

Byggja ætti torfhús sem athvarf/skýli fyrir dýr, geymslu, neyðarskýli, áningarstað, reykkofa, skjól fyrir fugla- og norðurljósaskoðun, o.fl.

Efnið er auðtekið og vinnan við það er gott þreksport.

Veikleikar

Staðan gagnvart einstökum menningararfi einkennist af sinnuleysi / afskiptaleysi, bæði almennings og stjórnvalda.

Veðurskilyrði: frost, hitabylgjur, úrkoma, rof og niðurbrot.

Neikvæð afstaða gagnvart efninu (torfinu). Margir lítilsvirða það án rökfærslu eða reynslu.

Skoðun þeirra sem telja að þessar byggingar skipti ekki lengur máli og hafi ekki hagnýtt gildi fyrir nútímann eða framtíðina.

Handverksþekkingin byggist á of fáum einstaklingum.

Hefðir og færni sem tengjast viðhaldi torfbygginga eru hverfandi. Þekkingin er á mörkum þess að glatast.


Í skýrslunum koma einnig fram áleitnar spurningar, sem nemendur byggðu á upplifun sinni eftir heimsóknina.

- Hvernig getur handverkshefð tengd torfbyggingum þróast og öðlast nýtt gildi?
- Getur neysluknúið samfélag eins og Ísland, sem krefst arðs af öllu sem fjárfest er í, fundið leið til að vernda torfhúsin, sem gefa kannski lítið af sér fjárhagslega?
- Nægir að handverkið varðveitist vegna varðveittra bygginga?
- Gæti varðveisla handverksins falist í ferðapjónustu með ríkari hætti en hún gerir?
- Hver er tilgangurinn í varðveislu torfbygginga ef heimamenn tengja þau ekki ímynd landsins?
- Hvers vegna telja Íslendingar torfbyggingarnar ekki eftirsóknarverðar?

Svör við þessum spurningum liggja ekki á lausu, nema tveimur þeim síðustu. Rannsóknin sem þessi skýrsla er hluti af gefur greinilega til kynna að nokkur fjöldi Íslendinga telji torfhúsin vera merkileg og eftirsóknarverð. Af 93% þátttakenda í rannsókninni má skilja „að torfhús vektu hjá þeim virðingu og væntumþykju. Þau stæðu fyrir merkilega þróunarsögu, væru þjóðartákn, vaggja íslenskrar menningar,

hagleiksverk fortíðar, byggingararfur, sem sýndi verkmenningu þjóðarinnar“.¹⁶ Það stangast á við þá skoðun sem kom fram í skýrslum sumra nemendanna, sem gáfu sér að heimamenn tengdu torfhús ekki ímynd landsins. Þriðja síðasta spurning erlendu nemednanna bergmálar eina lykilspurningu rannsóknarinnar um viðhorf til torfbygginga, sem var sú hvort hægt væri að nýta áhuga ferðamanna í þágu varðveislu torfbygginga.¹⁷

Ábendingar erlendu nemednanna voru flokkaðar niður eftir því hve oft sum atriði voru nefnd í skýrslum þeirra, þ.e. ef þau komu fyrir oftari en einu sinni, sjá mynd 18.



Mynd 18. Skoðun erlendra Fornverkaskólanema á íslenskum torfbyggingum.

Oft var bent á þörf fyrir markvissa miðlun þekkingar og upplýsinga um torfhús, ekki síst fyrir Íslendinga. Einnig að það þurfi að þróa áhöld og verkfæri til að létta vinnu við torftöku og meðhöndlun efnisins. Þá gæti það orðið viðfangsefni fyrir fleiri. Þar á móti nefndu sumir að efnistakan væri einstaklega góð líkamsþjálfun, sé rétt að henni staðið. Margir bentu á að reyna ætti að finna leiðir til að nota gömlu aðferðirnar í bland við nýjar, s.s. að nota gler í veggum með torfinu og ýmislegt fleira.


¹⁶ Sigríður Sigurðardóttir, 2020, bls. 25.

¹⁷ Sigríður Sigurðardóttir, 2020, bls.12-13, 84.

5.2 Athugasemdir og hugmyndir frá innlendum þátttakendum

Ýmsar ábendingar komu frá heimildamönnum Þjóðháttasafns og Minjaráðsfulltrúum um það hvernig hægt væri að haga málum til að fólk vilji raunverulega nýta torfbyggingar.

- ✓ Stjórnkerfið þarf að endurskoða reglur gagnvart byggingarverktækni torfbygginga, þannig að gert sé ráð fyrir þeim og sköpuð staða til að viðhalda torfbyggingum á þeirra forsendum.
- ✓ Hvetja þarf arkitekta til að nýta efnið í nýbyggingar.
- ✓ Meiri stuðning þarf á vettvangi ríkis og sveitarfélaga við kostun og verndun torfbygginga.



Mynd 19. Athugasemdir íslenskra þátttakenda.

Nokkrir þátttakendur lögðu fram sértækar hugmyndir um hvernig hægt væri að nota torfbyggingar.

Lifandi sýningar.

- Lífga upp „veglegustu torfbæina“, eða byggja tilgátuhús, fyrir lifandi sýningar á fornu handverki og daglegum störfum, með lifandi fólki, eða í gegn um tölvuna.¹⁸
- Setja á fót þjóðháttasetur í gömlum torfhúsum.¹⁹

¹⁸ ÞB-2019-2-22. Karl f. 1939; 41. Kona f. 1948.

¹⁹ ÞB-2019-2-145. Karl f. 2002.

- „Ugglaust þætti ferðamönnum gaman að fá að skyggnast inn í gömul fjárhús að vetrarlagi, þegar ærnar liggja þar og jórtra. Og fyrripart sumars mætti leyfa þeim að [...] stinga út“.²⁰
- Nóg er af dimmum skúmaskotum til að skella sér í árlegt eltingarmót, þar sem menn verða kofakall og kofakelling ársins.²¹

Útisafn - torfhúsasafn.

- „Byggja upp heila sveit fyrir túrista, allt frá landnámsskálum til bæði stórbýla og kotbýla í anda 19. aldar. Það færi svo eftir árstíðum hvað túristarnir fengju að sjá. [...] það væri sem sagt vel gerlegt að leyfa fólki að stíga inn í löngu horfinn heim“.²²
- „Frekar er að koma á safni torfhúsa sem varðveitt eru heldur en viðhalda einstaka húsum á sínum upprunalegu stöðum, þar sem aðgengi og þjónusta við sýningu á þeim er af mjög skornum skammti eða jafnvel engin. Hús í einkaeigu eða reist af einstaklingum og nýtt sem slík og fyrir ferðamennsku er frábær og hefur einnig menningarlegt gildi fyrir okkur“.²³

Nám.

- Mætti ekki bjóða „vinnuskólum upp á námskeið í hleðslutækni“?²⁴
- „Mér dettur í hug að það megi bjóða ferðamönnum upp á námskeið í hleðslutækni, bæði grjóthleðslu og torfskurði og hleðslu.“²⁵

Lausn.

- Efna ætti til verðlaunasamkeppni um nýtingu torfhúsa.²⁶

²⁰ ÞP-2019-2-22. Karl f. 1939.

²¹ ÞP-2019-2-8. Karl f. 1955.

²² ÞP-2019-2-21. Karl f. 1949.

²³ ÞP-2019-2-129. Karl f. 1965.

²⁴ ÞP-2019-2-151. Kona f. 1943.

²⁵ ÞP-2019-2-10. Karl f. 1958.

²⁶ ÞP-2019-2-10. Karl f. 1958.



Mynd 20. Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Varmahlíð í Skagafirði, sem var opnuð 1997. Arkitekt hússins var Hjörleifur Stefánsson. Hann sótti hugmyndina til svonefndra framhúsa sem voru reist víða um land framan við torfbæina á síðasta skeiði þeirra. Húsið vekur mikla athygli og sendir skýr skilaboð til ferðamanna um mikilvægi þessarar húsagerðar fyrir svæðið.

5.3 Dæmi um torfhús í ferðþjónustu

Í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands eru varðveittar tuttugar torfbyggingar: tíu torfbæir, fimm torf-kirkjur, tveir bæjarhlutar og þrjú minni torfhús. Nokkrar þessara bygginga eru með auglýstan opnunartíma fyrir gesti. Það eru bæir eins og Glaumbær og Víðimýrarkirkja í Skagafirði, Laufás í Eyjafirði, Grenjaðarstaður í Aðaldal, Bustarfell í Vopnafirði, Hofskirkja í Öræfum og Keldur á Rangárvöllum.²⁷

Skagafjörður telst vera torfhúsarikasta svæði landsins og þar eru mörg torfhús opin gestum. Gamli torfbæinn í Glaumbæ í Skagafirði er fjölsóttasti viðkomustaður ferðamanna í Skagafirði. Tvær aðrar torfbyggingar í Skagafirði eru sömuleiðis fjölsóttar, kirkjurnar á Víðimýri og í Gröf. Þá geta gestir einnig skoðað Nýjabæ sem svo heitir, sem er gamli torfbæinn á Hólum í Hjaltadal og bæjardyrhúsin á Reynistað og á Stóru-Ökrum, en þar stendur einnig gamla þinghúsið (stofa). Þessi hús eru öll í Húsa-safni Þjóðminjasafns Íslands. Hjallar og naust á Reykjum á Reykjaströnd hafa verið endurhlaðin og aðlöguð til að þjóna sem skjól og salerni fyrir laugargesti hjá ferðþjónustunni þar. Þá er torfhláðin rétt og hesthús á Lýtingsstöðum í Skagafirði sem byggð voru 2014 til að sýna ferðamönnum aðbúnað við hýsingu hrossa fyrrum og fyrir ýmiskonar upplifunarfpreygingu.²⁸ Fleiri torfhús standa, vel varðveitt, óháð gestakomum, svo sem á Hofsstöðum þar sem hluti torfbæjarins er varðveittur og útihús og bæjarhús á Tyrfingsstöðum, en þar hafa húsin fengið viðhald um leið og þau hafa verið notuð sem vettvangur kennslu í fornu byggingahandverki.

²⁷ ÞMS – Húsasafn, forsiða.

²⁸ Lýtingsstaðir, The old stable.

Árbæjarsafn í Reykjavík og Skógasafn undir Eyjafjöllum eru útiminjasöfn þar sem torfhús leika lykilhlutverk í mótun staðar- og söguvitundar.²⁹ Bæði eru fjölsóttir ferðamannastaðir. Hið sama gildir um safnvísana í verbúðinni í Ósvör við Bolungarvík og á Mánárbakka á Tjörnesi, en þeir eru rekstrarlega séð af öðrum meiði safna.³⁰ Á Menningarsetrinu Íslenski bærinn í Austur-Meðalholti í Flóa eru haldin hleðslunámskeið af og til og þar er gestum boðið upp á sýningu í gamla torfbænum, sem tileinkuð er torfbyggingum og þar er sömuleiðis boðið upp á gistingu.³¹ Þá hafa skálinn á Eiríksstöðum í Haukadal, Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal og Þuríðarbúð á Stokkseyri verið til sýnis fyrir gesti en þau eru endurgerðar torfbyggingar, sérstaklega byggðar til að nýta bæði fyrir ferðamenn og heimamenn.³²

Um árabíl hefur verið rekin veitingaþjónusta í Sænavtaseli á Jökudalsheiði, þar sem torfhús voru endurbyggð árið 1992.³³ Rúm 15% svarenda (mynd 9) bentu á að hægt væri að byggja fleiri þannig eftirlíkingar eða nota gömlu torfbæina sem fyrmynd að þjónustuhúsum fyrir ferðamenn. Einstöku ferðaþjónustuaðilar hafa einmitt gert það og byggt upp gisti- og veitingaþjónustu, sem og afþreyingu, í húsum í torbæjastíl. Gisting er í boði í grjót- og torfklæddum húsum í Einolti í Biskupstungum, í Íslandsbænum í Eyjafjarðarsveit og í Möðrudal á Fjöllum þar sem einnig er veitingahús klætt torfi. Í þessu samhengi má einnig nefna að lúxushótel á Deplum í Fljóttum er með torfbaki, en fátt annað þar minnir á horfna tíð.³⁴ Fleiri dæmi mætti nefna. Svo eru dæmi um torfhús sem hafa „óvart“ orðið vinsælt myndefni og aðráttarafl, eins og Lindarbakki í Borgarfirði eystra, sem tengist ekki ferðaþjónustu að öðru leyti.³⁵



Mynd 21. Gamli torfbærinn í Glaumbæ í Skagafirði hefur verið opinn fyrir gesti frá 1952. Bærinn er í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en Byggðasafn Skagfirðinga hefur haft hann til afnota fyrir sýningu. Tugir þúsunda gesta ganga árlega um bæinn, sem þarf mikið viðhald.

²⁹ Árbæjarsafn, á borgarsögusafn.is og Skógasafn, á skogasafn.is.

³⁰ Safnalög 141/2011. 1. Kafli, 5. gr.

³¹ Íslenski bærinn, forsíða.

³² Eiríksstaðir, forsíða; Þjóðveldisbærinn, forsíða; Upplifðu Suðurland – Markaðsstofa Suðurlands, forsíða.

³³ Íslandsbærinn Old farm, forsíða; Torfhús Retreat, forsíða; Fjalladýrð, forsíða. Arnar Ævarsson, 2006, án. bls.tals. Upplifðu Austurland. Opinber ferðavefur um Austurland, Sænavtasel.

³⁴ Deplar, forsíða, án ártals, á elevenexperience.com.

³⁵ Borgarfjörður eystri, Ferðamál. Ferðaþjónusta og afþreying. Áhugaverðir staðir. Lindarbakki.

8 Lagaumhverfi gamalla torfbygginga

Samkvæmt lögum um menningarminjar falla allar 100 ára mannvistarleifar undir skilgreiningu um fornleifar og eru þar með friðaðar.³⁶ Í 4. grein laganna segir um byggingararf:

- Til byggingararfs samkvæmt lögum þessum teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:
- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
 - b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
 - c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.³⁷

Í lögnum eru ákvæði um friðun og friðlýsingu þess efnis að „friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. [...] Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja“.³⁸ Ráðherra er yfirumsjónaraðili menningarminja en Minjastofnun Íslands annast framkvæmd minjavörslunnar.³⁹ Húsafriðunarnefnd er undirnefnd Minjastofnunar. Nefndin á að:

- a. vinna að stefnumörkun um verndun byggingararfs ásamt Minjastofnun Íslands,
- b. fjalla um tillögur stofnunarinnar um friðlýsingu húsa og mannvirkja, afnám friðlýsingar, breytingar á friðlýstum húsum og mannvirkjum eða förgun þeirra samkvæmt ákvæðum laga þessara áður en þær eru sendar ráðherra,
- c. setja húsafriðunarsjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- d. veita umsögn um styrkumsóknir úr húsafriðunarsjóði,
- e. sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin samkvæmt lögum.⁴⁰

Landinu er skipt í minjasvæði sem á hverju eru minjaverðir og eru þeir starfsmenn Minjastofnunar. „Á hverju minjasvæði starfar Minjaráð. Minjaráð er samráðsvettvangur hvers minjasvæðis sem ætlað er að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins í samráði við Minjastofnun Íslands og höfuðsöfn sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja“.⁴¹ Minjavörður stýrir Minjaráðsfundum. Leita þarf álits minjavarðar, hvort þarf leyfi til framkvæmda við torfhús, eins og aðrar mannvistarleifar.⁴²

³⁶ *Lög um menningarminjar 80/2012*. 1. þáttur. I. Kafli, 3. gr.

³⁷ *Lög um menningarminjar 80/2012*. 1. þáttur. I. Kafli, 4. gr.

³⁸ Sama heimild.

³⁹ *Lög um menningarminjar 80/2012*. 2. þáttur. II. Kafli, 4. gr.

⁴⁰ *Lög um menningarminjar 80/2012*. 2. þáttur. II. Kafli, 9. gr.

⁴¹ *Lög um menningarminjar 80/2012*. 2. þáttur. II. Kafli, 10. gr.

⁴² *Lög um menningarminjar 80/2012*. 2. þáttur. II. Kafli, 11. gr. a, c, i.

„Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, [er] skylt að leita álitis hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis“.⁴³ Byggingarfulltrúum er skylt að fylgjast með framvindu mála og álit Minjastofnunar þarf að liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt. Hefjist verk sem er óskráð og án leyfa getur Minjastofnun beitt 300 þús. kr. dagsektum.⁴⁴

Nauðsynlegt er að viðhald og endurgerð torfhúsa sé alltaf undir faglegri umsjón og skýrt hver beri ábyrgðina (mynd 15). Ef þróa á ferðapjónustu á viðkvæmum stöðum eins og í upprunalegum torfhúsum má búast við álitamálum sem markast af mismunandi afstöðu til ferðapjónustu og minjaverndar. Með því að leysa þá togstreitu í sátt fæst yfirsýn á kosti og galla þess að nýta þau, lögmæti og staðbundnar kröfur og ríkjandi minjaverndar- og ferðamálapólitík.⁴⁵ Hafa ber í huga að oft skapast þörf fyrir að stjórna ferðapjónustu sem byggist á menningararfi í því skyni að vernda hann og varðveita, án þess að ganga á gildi hans. Þá verður markaðssetningin að vera framsett þannig að hún höfði til tiltekinna „neytenda“ fremur en að fjölga þeim stöðugt.


⁴³ *Lög um menningarminjar 80/2012*. 3. þáttur. VII. Kafli, 30. gr.

⁴⁴ *Lög um menningarminjar 80/2012*. 4. þáttur. XII. Kafli, 55. gr.

⁴⁵ Park, Hyung yu, 2014, bls. 85.

9 Niðurstöður og umræður

Mynd 22 byggist á samanteknum heildarniðurstöðum spurninga sem varða viðhorf til notkunar torfhúsa í ferðapjónustu. Þær voru teknar saman út frá niðurstöðulið C) prósentuhlutfalli allra svara um megin niðurstöður, óháð aldri og kyni, sjá bls. 10.



Mynd 22. Megin niðurstöður.

Fram kemur að meiri hluti 274 þátttakenda, eða 56,5 %, var á þeirri skoðun að nýting torfhúsa, eins og hún er, sé góð en að það megi bæta aðgengi að þeim, fyrir alla. Tæp 48% sögðu torfhús hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og þar af leiðandi væri sjálfsagt að nota þau. Flestir þátttakendur, eða 54%, sögðu nýtingu þeirra í þágu ferðapjónustu af hinu góða (sjá mynd 11) og 44% að þau hefðu mikið gildi fyrir ferðapjónustu (mynd 7). Annað hvort hafa konur meiri áhuga á menningarminjum, menningararfi og afdrifum hans en karlar og svara fremur en þeir (mynd 3, 12), eða að þær eru samviskusamari svarendur. Tæp 48% þátttakenda vildu að varðveittar væru allar gerðir (tegundir) torfbygginga, sem er nokkuð afgerandi niðurstaða. Þónokkur fjöldi, 20%, vildi ekki að torfbygginum væri fjölgað en vildu halda þeim vel við sem þegar eru vaðveittar. Tæp 32% sögðu að torfhús hefðu fyrst og fremst

Þjóðernislegt menningarlegt gildi fyrir Íslendinga en fátt eða ekkert með ferðapjónustu að gera. Af þeim voru 9% sem tóku fram að notkun torfhúsa í þágu ferðapjónustu mætti ekki vera á kostnað verndunar þeirra og var þá fyrst og fremst átt við að ekki mætti breyta þeim í þágu ferðapjónustunnar þannig að sanngildið (e. authenticity) minnkaði eða hyrfi.

Alls 40% þátttakenda sögðu hægt að nýta torfhúsin betur í ferðapjónustu en gert er en 16% töldu of mikinn kostnað við viðhald og rekstur torfhúsa til að vænlegt væri að nýta þau. Alls 15% þátttakenda sögðu að það ætti fremur að nota þau til almennra nota en fyrir ferðamenn. Um 40% vildu að kostnaðarþátttaka við viðgerðir og viðhald torfhúsa væri blönduð en 13% að ríki og sveitarfélög kostuðu viðhald og varðveislu þeirra. Nokkrir, eða 4%, sögðu að eigendur torfhúsa ættu sjálfir að kosta viðhaldið (mynd 15, 16, 17).

Taka má mark á þeirri niðurstöðu að 68% þátttakenda tjáðu sig ekki um gildi torfbygginga, hvorki um að þau hefðu þjóðernislegt gildi eða ekki. Stór hluti svarenda, 43,4%, sögðu ekkert heldur um það hvað þeim fyndist um núverandi nýtingu torfhúsa í þágu ferðamanna og 52% tjáðu sig ekkert um aðráttar afl þeirra. Meirihluti þátttakenda, 57%, svöruðu heldur engu um það hvort varðveita ætti fleiri gerðir torfbygginga og tæp 60% lögðu ekkert til um hvernig mætti nota þau öðruvísi. Sé miðað við að meirihluti svarenda telji torfhúsin mikilvæg þá er áhugaleysi einfalda skýringin á þeim viðbrögðum. Þessi hinn sami meirihluti myndi væntanlega ekki leggja lykkju á leið sína til að skoða torfhús. Þessi afstaða, sem einkennist bæði af sinnuleysi og afskiptaleysi, er vel þekkt hjá almenningi og stjórnvöldum. Nokkrir erlendir nemendur Fornverkaskólans bentu á þetta í skýrslum sínum þar sem hins vegar aftur og aftur er bent á hve sterka stöðu Ísland hefur til að varðveita og nýta torfhúsaarfinn, umfram aðrar þær þjóðir sem þegar hafa misst af þeim. Íslendingar standa frammi fyrir þeirri staðreynd, hvort sem þeim líkar það betur eða ver, að eiga enn nokkur upprunaleg torfhús sem nauðsynlegt er að geyma fyrir heiminn. Eftir því sem handverksþekkingin á bak við þau dvínar verður það æ erfiðara og kostnaðarsamara. Þess vegna felst mikil áskorun í því ef ferðapjónustan getur nýtt torfhúsin meira en gert er. Svo sem fram kemur í samantekt laga og reglna í 8. kafla þarf leyfi minjafirvalda í öllum tilfellum til að nýta upprunalegar torfbyggingar og sé um fornleifar að ræða þarf að hafa samráð við alla sem við á gagnvart nýtingunni, nágranna, samfélag og önnur yfirvöld.

Torfhús eru menningararfur sem tíminn hefur skilað okkar og þau þurfa mikið viðhald. Sannleikurinn er sá að styrkur þeirra og jafnframt veikleiki liggur einmitt í því hve oft þarf að endurnýja byggingarefnið, þ.e. torfið. Styrkurinn felst í að í síendurteknum endurnýjunum og uppgildingum geymist handverkið. Veikleikinn felst í því fyrst og fremst að í nútímanum er hver vinnustund dýr. Ekki síst sú sem snýr að menningararfinum þar sem ekki er hægt að beita tækni nútímans til fulls til að stytta stundina. Fari svo að enginn kann handtökin við að gera við eða byggja torfhús þá mun enginn bera kostnað við þau. Einhverjum þætti það best en sem betur fer eru margir á annarri skoðun og nokkrir aðilar bjóða upp á

stöku námskeið sem snerta viðgerðir og viðhald á torfbyggingum samkvæmt gömlum aðferðum. Má þar nefna Húsverndarstofu Borgarsögusafns Reykjavíkur í Árbæjarsafni, Tækniskólann í Hafnarfirði, Fornverkaskólann í Skagafirði, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og menningarmiðstöðina Íslenska bæinn í Austara-Langholti í Flóa. Án þessara aðila og nokkurra einstaklinga sem kunna handbrögðin og taka að sér hleðslu, bæði fyrir sjálfa sig og aðra, værum við illa stödd gagnvart torfhúsaarfinum. Þá ber sömuleiðis að nefna þær stofnanir og fyrirtæki sem nýta torfbyggingar í þágu ferðapjónustunnar, sem hafa um leið lagt lóðir á vogarskálar verndunar þeirra og varðveislu handverksþekkingarinnar.

Orðið torfkofi er neikvætt hlaðið orð sem hefur verið notað sem stimpill eða táknmynd fyrir fremur dökka fortíð, slæm híbýli, fátækt og illa umhirðu, sem sumir eiga erfitt með að sætta sig við. Þá er jafnvel talað um torfhús sem erfiðan menningararf, sem er angi af því sem hefur verið kölluð dökk ferðapjónusta (e. dark tourism). Hér og hvar um heiminn er unnið með þannig menningararf fyrir sér-tæka ferðapjónustu. Tilgangurinn er þá sá að kalla fram tilfinningar og skapa upplifun sem stöðugt stækkandi hópur ferðamanna hefur áhuga á.⁴⁶ Erfiður menningararfur getur skapað spennu í stað vellíðunar og haft áhrif á sjálfsmynd einstaklinga. Rifji tilvist torfhúsa upp erfiða tíma og áföll og sé horft til fyrri hluta 20. aldar þegar það varð „að þjóðernislegu markmiði með ríkið í fararbroddi“⁴⁷ að útrýma þeim má sennilega setja þau í þann flokk ferðapjónustu. Sé hins vegar miðað við svör 51,7% þátttakenda í rannsókninni um viðhorf til torfhúsa, sem sögðu að þau stæðu fyrir húsasögu, upplifun og menningararf þjóðarinnar, hljóta þau að teljast mikilvægur angi sögu og fortíðar einhvers hluta Íslendinga. En jafnvel þótt þau séu viðurkennd sem hluti af menningarsögu landsins myndi samt einhver hluti þjóðarinnar sennilega helst vilja vera án þeirra. Þversögnin, sem felst í því að torfhúsin hafa bæði neikvæða sálræna merkingu og mikilvæga, jákvæða sögulega merkingu, veldur togstreitu um nýtingu þeirra og varðveislu. Fjöldi ábendinga um að fjölga ætti þeim gerðum torfhúsa sem varðveittar væru og nýttar til að kynna híbýli íslenskrar fortíðar, án nokkurrar fegurunar, sýnir að fólk vill að birtingarmynd fortíðarinnar sé sönn, þótt dökk sé, ekki sérvalin eða á skjön við veruleikann. Enda fetu nokkrir (mynd 6) fingur út í að stóru torfbæirnir væru kynntir sem híbýli fortíðar, vegna þess að þeir skekktu þá mynd sem fólk ætti að fá um hana.

Margir minjaráðsfulltrúar voru meðvitaðir um ákvæði minjalaga um verndun gamalla torfbygginga og fimmtán manns tóku fram að ferðapjónusta í torfhúsum mætti ekki vera það hagnaðardrifin að hún yrði á kostnað húsverndarinnar (mynd 6). Níu sögðu að stýra þyrfti aðgengi að torfhúsum (mynd 7). Sumar hugmyndir, sem koma fram í skýrslunni, voru varhugaverðar. Svo sem um að byggja hús upp af gömlum tóftum (mynd 10), sem getur ekki orðið að veruleika sé tóftin eldri en 100 ára. Leyfi

⁴⁶ Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, 2015, bls. 195, 210. Park, Hyung yu, 2014, bls. 83.

⁴⁷ Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, 2015, bls. 210.

Minjastofnunar Íslands þarf til að slíkt verði gert og þá væntanlega að undangenginni fornleifarannsókn. Sömuleiðis krefst hugmynd um að hvetja eftirlaunafólk til að taka hús í fóstur og gera við þau (mynd 10) mikillar aðgæslu. Að byggja fleiri torfhús til að viðhalda þekkingunni (mynd 14) er hins vegar snjöll hugmynd þar sem torf- og grjóthleðsluþekking á mjög undir högg að sækja. Sú hugmynd gæti vel fallið að ferðþjónustu sem gæti um leið boðið upp á hleðslunámskeið.

Sennilegt er að þau 14% (mynd 12) sem svöruðu því til að það væri of kostnaðarsamt að nota torfhús í ferðþjónustu hafi litið til ferðþjónustu fremur sem arðsemisaukandi starfsemi en samfélagslega styrkjandi starfsemi, í ljósi fjölgunar starfa eða út frá verndunarsjónarmiðum. Ferðþjónusta hefur víða gegnt stóru hlutverki í að fjármagna verndun og viðhald ýmiskonar menningarminjar, menningararf og þess vegna ætti sá möguleiki sannarlega að vera fyrir hendi gagnvart torfbyggingum. Sá vandi er við að etja að þróun ferðþjónustunnar hefur víða leitt til þess að áreiðanleiki nytjaðra minja verður meira og minna háður efnahagslegum forsendum rekstraraðilanna þannig að upplýsingar um þær og markaðssetning miða að fjölgun gesta, þvert á varðveisluna. Túlkunin snýst þá oft um tiltekinn og útvalinn þátt eða sögu sem selur þannig að sanngildi (e. authenticity) þeirra býður hnekki. „Authenticity is a socially constructed, intangible perception of destination societies and cultures, of forms of travel, or of overall tourism experiences that appear to be pre-modern or traditional”.⁴⁸ Þetta þurfa allir, sem ætla í nýtingu á upprunalegum torfbyggingum, að hafa í huga í hugmyndavinnu og áætlunum. Annað gildir um endurgerðir og nýjar torfbyggingar.

Auknar vinsældir menningararfspátta eins og gamalla bygginga hafa opnað augu margra fyrir margbreytileika menningarsvæða. Ókunnuglegur menningararfur hefur aðdráttarafli og þeim fjölgar sem leggja leið sína á ótroðnar slóðir til að kanna hann. Að upplifa eitthvað úr fortíðinni er fyrir marga jafngilt ferð til framandi landa.⁴⁹ Mælistikur á gildismat menningararfs felast í samfélagslegum, fagurfræðilegum, sögulegum og táknrænum gildum hans og eru alltaf háðar huglægu mati og afstöðu til efnisins. Í því samhengi má nefna ummæli eins elsta þátttakandans í rannsókninni um viðhorf til torfbygginga en þau spegla viðhorf til notkunar menningararfs almennt þótt talað sé um annað efni. „Mér finnst alltaf vafasöm þessi ímynd sem verið er að selja ferðamönnum af Íslendingum hér áður, t.d. allt þetta tal um álfatrú. Eigum við að vera til á forsendum túrista og aðlaga okkur þessari ímynd? Og erum við þá ekki líka um leið að blekkja unga fólkíð okkar í dag”?⁵⁰ Þessi spurning á fullan rétt á sér og er í samhljómi við athugasemdir þeirra sem bentu á að stóru torfbæirnir sem standa opnir fyrir ferðamenn skekki fortíðarmyndina því það bjuggu ekki allir við þann kost. Burtséð frá því að þá er áhugi á að sjá og skoða torfbyggingar töluverður. Erlendir ferðamenn og Íslendingar, á ferð um eigið

⁴⁸ Sharpley, R., 2018, bls. 224.

⁴⁹ Park, Hyung yu, 2014, bls. 25-41.

⁵⁰ ÞÞ-2019-2-190. Kona f. 1926.

land, líta á torfbæi sem sögustaði, sem þeir vilja heimsækja, sé miðað við rannsókn Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála sumarið 2019.⁵¹

Ferðamenn vilja sjá og heyra um menningararf þess lands eða svæðis sem þeir heimsækja og hafa oft meiri áhuga á staðbundnu efni heldur en arðsemisdreven ferðaþjónusta sinnir um. Meðhöndlun menningararfs er og verður alltaf umdeild. Við eigum að kynna hann í samræmi við þekktan veruleika og út frá sannleiksmiðaðri sögulegri forsendu. Fólki getur vel fundist staður, saga, siðir, upplifun, vera ekta og upprunalegt og samþykkir það sem slíkt, jafnvel þótt byggt sé á röngum forsendum. Sú tilfinning framkallast af tiltrú sem byggist á þekkingu viðkomandi, uppruna, sögu, menningu, athöfnum, umhverfi, áhrifum og gagnrýnni hugsun. Uppgötvun um brögð í tafla kallar aldrei fram jákvæð viðbrögð. Þannig að vilji fólk markaðssetja torfhús sem birtingarmynd fátæktar og spila á þann þátt upplifunarinnar þarf að velja meðvitað þann hóbýlakost sem sannarlega tengist þeirri sögu.

⁵¹ Vera Vilhjálmisdóttir, 2019, bls. 1-5, 16; Sigríður Sigurðardóttir, 2020, bls. 30.

Heimildir

Heimildirnar eru af ýmsu tagi, flestar eru þær prentaðar eða vefbirtar og er raðað í stafrófsröð í tvennu lagi samkvæmt því.

Prentaðar heimildir

- Jakhelln, Gisle (2017). „Turf, Timber and Skjelter construction in Norway“ (374-378). *Habitat: Vernacular Architecture for a Changing Planet*. Editor Sandra Piesik. London: Thames & Hudson.
- Jonatis, Aldona (2017). „Indegenous Dwellings of America’s Subarectic and Northwest Coast“ (366-374). *Habitat: Vernacular Architecture for a Changing Planet*. Editor Sandra Piesik. London: Thames & Hudson.
- Park, Hyung yu (2014). *Heritage Tourism*. London: Routledge.
- Piesik, Sandra (2015). „Introcuotion“ (16-24). *Habitat: Vernacular Architecture for a Changing Planet*. Editor Sandra Piesik. London: Thames & Hudson.
- Sharpley, R. (2018). *Tourism, Tourist and Society* (5th edition). London: Routhledge.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir (2015). „Moldargreni og menningararfur. Útrýming og arfleifð torfhús“ (bls.193-218). *Menningararfur á Íslandi. Greining og gagnrýni*. Ritstj. Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Yu Mainicheva, Anna (2017). „Homesteads of Northern and Central Russia“ (386-391). *Habitat: Vernacular Architecture for a Changing Planet*. Editor Sandra Piesik. London: Thames & Hudson.

Vefheimildir

- Alexander, Derek, Susan Bain, Neil Buchan, Alan Comrie, Andrew Gallacher and David Sneddon (2014). *Iceland Report 2014*. 15. Júlí 2014. Sótt 18.3.2020 af <http://archnetwork.org/iceland-report-2014/>.
- ARCH – Arch Network í Skotlandi (Án ártals). Sótt 23.5. 2020 af <https://archnetwork.org/>.
- Arnar Ævarsson (2006). Sótt 18.7. 2020 af <http://mennta.hi.is/vefir/saga/torf/2006/arnaaev/>.
- Árbæjarsafn. Borgarsögusafn Reykjavíkur (án ártals). Sótt 17.7.2020 af <https://borgarsogusafn.is/arbaejarsafn/saga-husanna>
- Borgarfjörður eystri (Án ártals). Ferðamál. Ferðaþjónusta og afþreying. Áhugaverðir staðir. Sótt 1.7. 2020 af <https://www.borgarfjordureystri.is/en/picture-gallery/borgarfjordur/emagnusson-6527>.
- Boyle, Eve (2016). *Iceland 2016: Turf Building in Skagafjörður*. 13 ágúst 2016. Sótt 18.3.2020 af <http://archnetwork.org/turf-building-iceland-2016/>.
- Carruthers, Sara (2018). *Turf Building Course – Overview & Itinerary*. 22. okt. 2018. Sótt 17.2.2020 af <http://archnetwork.org/turf-building-course-overview-itinerary/>.
- Deplar (án ártals). Sótt 20.9.2020 af <https://elevenexperience.com/deplar-farm-iceland-summer>.
- Eiríksstaðir (Án ártals). Sótt 1.7. 2020 af <https://eiriksstadir.is/>.

- Fjalladýrð (Án ártals). Sótt 2.7. 2020 af <https://fjalladyrd.is/is/heim/>.
- Fotheringham, Mitchell (2016). *Basics of Turf*, 18. ágúst 2016. Sótt 21.2. 2020 af <http://archnetwork.org/basics-of-turf/>.
- Goddard, Oliver (2016). *NET – Iceland 2016*, 18. ágúst 2016. Sótt 21.2.2020 af <http://archnetwork.org/net-iceland-2016/>.
- Higginson, Paul (2018). *Turf Building*. 1.okt. 2018. Sótt 21.2.2020 af <http://archnetwork.org/turf-building/>.
- Íslandsbærinn, Old farm (Án ártals). Sótt 2.7. 2020 af <https://oldfarm.is/>.
- Íslenski bærinn. Turf House (Án ártals). Sótt 1.7. 2020 af <http://islenskibaerinn.is/>.
- Little, Becky (2016). *Rasmus + Training Course in Turf Building: A NET project funded and organised by ARCH, Bygðasafn Skagfirðinga, Iceland – 5 – June 2016*. Sótt 21.2.2020 af <file:///E:/2019-2021-Rannsokn-torfhus/Fornverkaskola-skota-skyrslur/Iceland-Report-Becky-Little-2016.pdf>.
- Lýtingsstaðir, The old stable (Án ártals). Sótt 2.7. 2020 af <https://www.lythorse.is/>.
- Lög um menningarminjar 80/2012. Lagasafn. Íslensk lög 1. maí 2020. Útgáfa 150b. Sótt 15.5.2020 af <https://www.althingi.is/lagas/150b/2012080.html>.
- Manning, Sue (2017). *Tyrfingsstaðir – Iceland 2017*. 18. júlí 2018. Sótt 18.3.2020 af <http://archnetwork.org/?s=iceland+2017>.
- Maxwell, Alexander (2019). *Report on Turf Building Course in Iceland 27. juni 2019*. Sótt 21.2.2020 af <http://archnetwork.org/report-on-turf-building-course-in-iceland/>.
- McAvoy, Andrew (2019). *Turf Ting A Visual Diary & Written Report*. 17. Júlí 2019. Sótt 17.2.2020 af <http://archnetwork.org/turf-ting-a-visual-diary-written-report/>.
- Oddný Þóra Óladóttir (2019). Erlendir ferðamenn á Íslandi 2018: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf. Júlí 2019. FMS-2019-13. Akureyri: Ferðamálastofa. Sótt 28.11.2019 af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/konnun2018/konnun-18-2.pdf>.
- Safnalög 141/2011. Lagasafn. Íslensk lög 1. maí 2020. Útgáfa 150b. 2011 nr. 141 28. September. Sótt 2.7. 2020 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>.
- Sarpur.is. Sótt 11.7. 2020 á <https://sarpur.is/Svarsnid/Grunnupplýsingar.aspx?SpurningaskraID=1944954>.
- Sigríður Sigurðardóttir (2020). *Viðhorf til nytja- og minjagildis torfbygginga*. Rannsóknaskýrslur Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum. Sauðárkrókur: Háskólinn á Hólum. Sótt 12.5.2020 af http://holar.is/sites/holar.is/files/images/vidhorf_til_nytja-og_minjagildis_torfbygginga_loka.pdf.
- Skógasafn. Sótt 18.7. 2020 af <https://www.skogasafn.is/is/sk%C3%B3gasafn/husasafn/>.
- Torfhús Retreat (Án ártals). Sótt 2.7. 2020 af <https://torfhús.is/>.
- Upplifðu Austurland. Opinber ferðavefur um Austurland (Án ártals). Sænaútsel. Sótt 2.7. 2020 af <https://www.east.is/is/east/places/nature/saenautasel>.

- Upplifðu Suðurland. Markaðsstofa Suðurlands (Án ártals). Þuríðarþúð. Sótt 1.7. 2020 af <https://www.south.is/is/south/index/culture-amp-arts/museums>.
- Vera Vilhjálmisdóttir (2019). Söguferðarþjónusta á Norðurlandi. Könnun meðal ferðamanna á söfnum, setrum og sýningum. Akureyri: Markaðsstofa Norðurlands. Sótt 27.11.2019 af https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/soguferdathjonusta-a-nordurlandi_loka_19.11.2019.pdf.
- Weber, Linad (2016). *Traditional Turf Building in Iceland* (2016). 18. ágúst 2016. Sótt 18.3.2020 af <http://archnetwork.org/traditional-turf-building-in-iceland-2016/>.
- Þjóðveldisbærinn (Án ártals). Sótt 1.7. 2020 af <http://www.thjodveldisbaer.is/>.
- ÞMS – Húsasafn (Án ártals). Sótt 17.5.2020 af <https://www.thjodminjasafn.is/thjonusta/safnkostur/husasafn/>.
- ÞÞ – Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands (Án ártals). Spurningaskrá ÞÞ-127 (2019-2) *Viðhorf til torfhúsa*. Sótt 1.12.2019 af https://www.dropbox.com/s/sd5yxdo95zgdgl/Spurningaskr%C3%A1%20127_net%C3%B0.pdf?dl=0.
- ÞÞ-2019-2-8. Karl f. 1955. Sótt 12.5.2020 af <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1966866>.
- ÞÞ-2019-2-10. Karl f. 1958. Sótt 12.5.2020 af <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1966911>.
- ÞÞ-2019-2-21. Karl f. 1949. Sótt 12.5.2020 af <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1967953>.
- ÞÞ-2019-2-22. Karl f. 1939. Sótt 12.5.2020 af <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1967961>.
- ÞÞ-2019-2-41. Kona f. 1948. Sótt 12.5.2020 af <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1968382>.
- ÞÞ-2019-2-129. Karl f. 1965. Sótt 12.5.2020 af <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1970851>.
- ÞÞ-2019-2-145. Karl f. 2002. Sótt 12.5.2020 af <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1970880>.
- ÞÞ-2019-2-151. Kona f. 1943. Sótt 12.5.2020 af <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1970888>.
- ÞÞ-2019-2-190. Kona f. 1926. Sótt 12.5.2020 af <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1977319>.

Grunngögn – spurningar

Viðhorf til torfhúsa – spurningar sem lagðar voru fyrir Minjaráðsfulltrúa (MÍ) og heimildamenn Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands (ÞÞ).

(spurningar þær sem unnið er með í þessari skýrslu eru rauðlitaðar)

I Spurningaskrá ÞÞ-127 (2019-2) Viðhorf til torfhúsa

Kafli 1 af 6 – Eigin reynsla

Sp. 1,1 Þekkir þú torfhús af eigin raun? Ef svo er, með hvaða hætti? Hefur þú t.d. búið í torfbæ? Hvar voru/eru þessar byggingar staðsettar? Nefndu bæjarheiti.

Sp. 1,2 Um það bil hve oft hefur þú komið í torfhús? Hve langt er síðan þú komst seinast í þannig hús?

Kafli 2 af 6 – Gildi torfhúsa

Sp. 2,1 Fyrir hvað standa torfhús í þínum huga? Hver er fyrsta hugsun þín þegar þú hugleiðir þetta? Er hún jákvæð eða neikvæð? Vinsamleg færðu rök fyrir afstöðu þinni.

Sp. 2,1 Hvað finnst þér merkilegast og hvað ómerkilegast við torfhús?

Sp. 2,3 Í hverju felst sögulegt gildi torfhúsa einkum? En menntunar- og fræðslugildi? Segðu frá!

Sp. 2,4 Hafa torfhúsin eitthvað gildi fyrir þjóðerni og sjálfsmynd Íslendinga að þínu mati? Ef svo er, hvers vegna? Ef svarið er neikvætt, hvers vegna ekki?

Sp. 2,5 Geta torfhús haft gildi á vettvangi stjórnmalanna á einn eða annan hátt? Hvernig lýsir það sér, ef svo er?

Sp. 2,6 Í hverju felst ferðamátengt gildi torfhúsa? Nefnið dæmi.

Kafli 3 af 6 – Varðveisla og nýting

Sp. 3,1 Hvað finnst þér um hvernig torfhús eru nýtt í þágu ferðamanna í dag?

Sp. 3,2 Gætu torfhús nýst með öðrum hætti en þau gera í dag? Væri hægt að bæta nýtingu þeirra? Hvað stendur helst í vegi fyrir breytingum?

Sp. 3,3 Hvort ætti að varðveita fleiri eða færri torfhús en gert er? Ef fleiri, hvers vegna og þá hvernig hús (bæjarhús t.d.)? Ef nei, hvers vegna ekki?

Sp. 3,4 Ef áhugi væri fyrir að fjölga vernduðum torfhúsum og nýta þau, hver ætti að bera kostnað af viðgerð og verndun þeirra að þínu mati (sveitarfélög, ríkið, aðrir t.d.)?

Kafli 4 af 6 – Aldursmunur og eftirgerðir

Sp. 4,1 Er mikill munur á torfhúsum eftir því hvenær þau voru byggð, svo sem á 19. öld, á fyrri hluta 20. aldar eða um miðbik aldarinnar? Hvernig lýsir sá munur sér helst, ef svo er?

Sp. 4,2 Finnst þér eftirgerðir torfhúsa vera frábrugðnar gömlu torfhúsum? Hver er munurinn að þínu mati?

Sp. 4,3 Þekkir þú einhverja sem kunna handtök við torf- og grjóthleðslu? Ef svarið er jákvætt, hve margir voru þeir á að giska fyrir 25 árum? En í dag? Hver heldur þú að staðan gæti verið eftir 25 ár?

Kafli 5 af 6 – Síðasta skeið torfhúsanna

Sp.5 Nokkuð er til af byggingum sem kalla má síðasta stig torfhúsa, þar sem blandað er saman hefðbundnum og nýrri byggingarefnum (torfi, bárujárnri og steinsteypu t.d.). Hvaða gildi finnst þér að þessi hús hafi? Ætti að varðveita þau og ef svo er, hvers vegna?

II Viðhorf til torfhúsa – spurningar fyrir Minjaráðsfulltrúa

(spurningar þær sem unnið er með í þessari skýrslu eru rauðlitaðar)

Eigin reynsla

1. Þekkir þú torfhús af eigin raun? Ef svo er, með hvaða hætti?
2. Um það bil hve oft hefur þú komið í torfhús?
3. Hve langt er síðan þú komst seinast í þannig hús?
4. Þekkir þú afstöðu eigenda torfhúsa til að leyfa notkun þeirra fyrir ferðapjónustu?

Gildi torfhúsa

5. Fyrir hvað standa torfhús í þínum huga? Hver er fyrsta hugsun þín þegar þú hugleiðir þetta?
6. Hvað finnst þér merkilegast og hvað ómerkilegast við torfhús?
7. Í hverju felst sögulegt gildi torfhúsa einkum?
8. Í hverju felst menntunar- og fræðslugildi þeirra?
9. Hafa torfhúsin gildi fyrir þjóðerni og sjálfsmynd Íslendinga að þínu mati? Ef svo er, hvers vegna? Ef svarið er neikvætt, hvers vegna ekki?
10. Telur þú að torfhús geti haft gildi á vettvangi stjórnmálanna á einn eða annan hátt? Hvernig lýsir það sér, ef svo er?
11. Í hverju felst ferðamátatengt gildi torfhúsa? Nefnið dæmi.

Varðveisla og nýting

12. Hvað finnst þér um hvernig torfhús eru nýtt í þágu ferðamanna í dag?
13. Gætu torfhús nýst með öðrum hætti en þau gera í dag? Væri hægt að bæta nýtingu þeirra? Hvað stendur helst í vegi fyrir breytingum?
14. Hvort ætti að varðveita fleiri eða færri torfhús en gert er? Ef fleiri, hvers vegna og þá hvernig hús (bæjarhús t.d.)? Ef nei, hvers vegna ekki?
15. Ef áhugi væri fyrir að fjölga vernduðum torfhúsum og nýta þau, hver ætti að bera kostnað af viðgerð og verndun þeirra að þínu mati (sveitarfélög, ríkið, aðrir t.d.)?
16. Hefur þú skoðun á því hvernig torfhús standa gagnvart minjaverndarlögum?

Aldursmunur og eftirgerðir

17. Er munur á torfhúsum eftir því hvenær þau voru byggð, svo sem á 19. öld, eða á 20. öld? Hvernig lýsir sá munur sér helst, ef svo er?
 18. Finnst þér eftirgerðir torfhúsa vera frábrugðnar gömlu torfhúsunum? Hver er munurinn að þínu mati?
- Þekkir þú einhverja sem kunna handtök við torf- og grjóthleðslu? Ef svarið er jákvætt, hve margir voru þeir á að giska fyrir 25 árum? En í dag? Hver heldur þú að staðan gæti verið eftir 25 ár?